

Útburðurinn.

Sjónleikur í einum þætti.
(Rissa.)

Eftir J. P. PALSSON.

Talvinkað Guttormi J. Guttormssyni.

PERSONUR.

HULDA (dóttir hreppstjórshjónanna).
FLOKKU-FINNA (fyrirum kærasta hreppstjórans, dóttir á brún og brá, mögur og illa til fara).
HREPPSTJÖRINN.
HELGA (kona hreppstjórans).
SYSLUMAÐURINN (fyrirum unnasti Helgu).
Tveir leitarmenn.
Flóra leitarfólk.

LEIKSVIÐIÐ: — Hraunskál upp til fjalla. Hagra megin hraundrangar. Einn þeirra frammarlega á leiksviðinu. Þeir loka og baksyn hagra megin sem svarar til háls. Tú vinstri hamrabeti efst í fjalli, sem gengur út í baksyn og endar þar í fjölli. Á milli fjallsins og hraundranganna sést niður á sjóinn, sem liggur langtum neðar en leiksviðið. Aftast á leiksviðinu vinstri megin er flöt klöpp mosavæðin, í lögum eins og legubekkur, en nokkuð hærri. Frammarlega vinstri megin klöppur. Fyrir hana hverfa þeir af leikendunum, sem fara út þeim megin. — Þegar fjallið er dregið frá, sefur Flokku-Finna framman við fremsta hraundrangann og hallar höfði upp að honum. Það heyrir fuglakvák, hrafnagarg og útburðarvæl. — Tveir leitarmenn koma frá hægri.

1. LEITARMADUR: — Hér þætti mér, líklegt að Hulda haldi sig.
2. LEITARMADUR: Nú? Og þú þá hér?
1. LEITARMADUR: — Þetta er Útburðarskálinn. Og það er útburðurinn, sem hefir heltekið hjarta hennar.
2. LEITARMADUR: — Og þú á að senda hana til Vesturheims til þess að láta skera úr henni hjartað?
1. LEITARM.: — Hún á að fara þangað til lækningar.
2. LEITARM.: — Geta læknar í Vesturheimi skorið úr henni hjartað?
1. LEITARM.: — Það þykir mér líklegt. En við skulum nú koma hédan. Hún er hér ekki.
2. LEITARM.: — Nei. Hérna vil eg staldra við; og hér búast allir við að finna Huldu.
1. LEITARM.: — Komdu þá að hjónarúminu. (Þeir ganga að klöppinni inst til vinstri). Þetta er hjónarúmið þeirra Huldu og útburðarins. Hefir þú nokkurntíma horft herna ofan fyrir björgin? (Þeir krjúpa á klöppinni og horfa niður, fyrst áhorfendum).
2. LEITARM.: — Hér vildi eg ekki sofa. Sá, sem rumskast í þessu rúmi, er dauðans matur. Það eru mörg hundruð fet niður í fjöruna.
1. LEITARM. (Snýr sér við og bendir á hamrabetið): — Og sjáðu hamrabetið, hvað það er skuggalegt. Það er eins og opin gróf.
2. LEITARM.: — En Hulda er ung og frísk.
1. LEITARM.: — Og fjallið. Það sést í gegnum blámóðuna, eins og eg sé það í gegnum tárin, þegar eg var litill.
2. LEITARM.: — En Hulda er alt af síkát.
1. LEITARM.: — Eða jökullinn. Aldrei hefir mér sýnt hann svona hvítur. Hann er eins og líkkleja. Eins og drifhvítt lín, sem hylur kaldann náinn.
2. LEITARM.: — En Hulda er braust og heilsugóð á líkamanum, hvað sem geðmunum hennar líður.
1. LEITARM.: — Littu niður á fjörðinn. Það grúfir einhver hræðileg kyrd yfir fionum. Hann er kyrd eins og dauðinn. Hann er blár eins og augun í henni Huldu litlu. Nei. Liturinn er dauafari. Í dag er fjörðurinn eins og brostið auga.
2. LEITARM.: — En Hulda elskar lífið og hatar dauðann.
1. LEITARM. (Frankar við sér): — En útburðurinn er búinn að gera hana brjálaða. Hún hljóp að heiman í gær, frá sjálfu hreppstjórasetrinu, og lagðist út! Hérna gæti hún steypt sér í sjóinn. Hér gæti hún lifað í sælu vitfirringarinnar og hlauðið svo fyrir björgin.
2. LEITARM.: — En væri hún sál, kæmi henni aldrei til hugar að fyrirfara sér.
1. LEITARM.: — Sá einn ná við þvi að stytta sér stundir, sem notið hefir æðstu sælu lífsins.
(Þeir svipast um á leiksviðinu og koma auga á Flokku-Finnu, þar sem hún sefur.)
2. LEITARM.: — Nei, hér liggur þá Flokku-Finna! (Gætir nánar að henni). Hún bara sefur. Eg hélt að hún væri dauð, ræfllinn.
1. LEITARM.: — Við skulum ekki vekja hana. Mér stendur stuggur af henni. Hún er eins og hungraður hrafnugl. Eins og hrafn, sem svelta mundi í hel, næði hann ekki sljótlega í bráð.
2. LEITARM.: — Þeir segja að Flokku-Finna sé gömul kærasta hreppstjórans.
1. LEITARM.: — Þeir segja allan fjandann.
2. LEITARM.: — Þeir segja að hann hafi sviðið hana til þess að giftast Helgu.
1. LEITARM.: — Þeir segja allan fjandann.
2. LEITARM.: — Þeir segja að sýslumaðurinn sé faðir Huldu, og að hann, á stúdents-árum sínum, hafi fengið hreppstjórann til að giftast Helgu, svo að hann slýpi sjálfur við skömmuna.
1. LEITARM.: — Fyndist þér skömm að því, að vera faðir hennar Huldu litlu?
2. LEITARM.: — Skömm? — Ne-éi.
1. LEITARM.: — Hættu þá þessu þvaðri. Svo kemur okkur þetta ekkert við. Við erum aðeins leitarmenn í þjónustu hreppstjórans. Við eigum að finna Huldu, og fá einhverja þökkun fyrir.
2. LEITARM.: — Jája. Hún er nú ekki hér.
1. LEITARM.: — Nei, hér er ekkert nema hamrarnir eins og opin gróf; fjallið með grátmóðu á hvarmi, og jökullinn — iskaldur jökullinn! Og sjóinn. Finst þér ekki fjörðurinn eins og blátt auga? Eins og brostið blátt auga?
2. LEITARM. (fer hrollur um hann): — Jú. Hulda gæti ekki hafa hafst hér við. Við skulum fara hédan. (Fara út til vinstri).
Fuglakvák, hrafnagarg og útburðarvæl.
HULDA (kemur hægt inn frá hægri. Litur í kringum sig og svo upp í hamrana til vinstri): — Eg heyrir til þín, elsku vinur minn. Syngdu mér nú sönginn þinn, Sönginn þinn allan.
Fuglakvák og hrafnagargið breytist í Orchestra-music. Útburðarvælið í fjölskip. Það heyrir — af fjallsbrúnninni.
FINNA: — Hefir láti illa í svefni. Stekkur, á fatur þegar lagið er á enda). — Hvaða bölvöld latti eru þetta? Er þá hvergi friður? (Geispar.)
HULDA (gengur til Finnu): — Svaistu herna, Finna min?

FINNA: — Já. Vist svaf eg þangað til óhræsis útburðarinn fór að væla.
HULDA: — En útburðurinn væli ekki. Hann syngur. Syngur um sig og mig og fjöllin. Hann fyllir fjöllin min með söng.
FINNA: — Jú, það er nú heldur en ekki söngur, grefils vælið í honum.
HULDA: — Allir segja að hann væli. Allir nema eg.
FINNA: — Það er nú af því að þú ert svo ung. Ung og vitlaus, kind-in min.
HULDA (í frúnaði): — Heldur þú líka, að eg sé brjálað, Finna?
FINNA (hlær): — Já, auðvitað held eg það. Eg veit það. Veit það eins vel og sýslumaðurinn og hreppstjórinn og hún móðir þín. (Hlær.)
Stutt þögn.
HULDA: — Guð hjálpi mér! Allir snúast á móti mér, af því að eg elska útburðinn.
FINNA: — Það er að búast við því, hróðið mitt. Útburðurinn var getinn í synd. (Hlær). Í synd. Svo var hann borinn út á móti guðs og manna lögum. Og hann lifði það alt af. (Hlær). Hann lifði það alt af! Það var stærsta syndin.
HULDA: — Stærsta syndin að lifa?
FINNA: — Höfuðsyndin, hróðið mitt.
HULDA: — En segðu mér nú, Finna min, hvernig við, vesalings mennirnir, getum gert guði gramt í geði með því að brjóta lög hans. Við sem erum svo veik og smá, en hann svo stór og sterkur.
FINNA: — Mikið blessað barn máttu vera! Við þurfum ekki að gera neitt, bara lifa. Allir syndga, sem lifa. Enginn syndga, sem er dauður.
HULDA (hugsi): — Eg skil ekki þetta. Guð skapaði mig. Hann gaf mér augu, eyru og öll skilningarvit. Eg syndga ekki nema þegar eg nota mér þessar gjafir guðs. Eg hleyp, ekki lengur en hjarta mitt slær. Eg sé ekki lengra en sjón min nær. Eg heyrir aðeins þá hljóma, sem þrengja sér að hlust minni. Því gaf guð mér eyru, sem vilja hlusta á útburðinn? En ef hjartað stanzar og augun bresta og eyrum dofna, þá dey eg og syndga ekki framur.
FINNA: — Þetta er gullsatt, greyðið mitt. Lifandi ertu sokkin í synd; en líðin ertu strang-helg. (Hlær).
HULDA: — Og synd að hlusta á útburðinn. Útburðinn, sem fyllir fjöllin min með söng.
FINNA: — Já. Nú ertu að vitkast, hróðið mitt. Eg vildi að eg hefði verið svona gáfuð, þegar eg var á þínu reki. En er ekki verið að leita að þér, greyði mitt?
HULDA: — Jú. Eg kom hingað til að fela mig, en þá ert þú hér fyrir.
FINNA: — Kannske eg geti falið þig, kindin min.
HULDA: — Eg hélt að eg kæmist til útburðarins, og hann tæki mig heim með sér.
FINNA: — Þú nærð aldrei í útburðinn, hróðið mitt. Við höfum reynt það áður.
HULDA: — Þú? Hver?
FINNA: — Eg og fleiri. — Móðir þín.
HULDA: — Mamma líka!
FINNA: — Já. Mamma þín líka.
HULDA: — Þey! Það koma einhverjir.
FINNA: — Já, leitarfólk, auðvitað. Við erum viltar, og það þarf að finna okkur. (Hlær).
HULDA: — Eg verð að dyljast þeim. Feldu mig nú, Finna min.
FINNA: — Komdu þá inni hjólað. (Gengur fram fyrir fremsta drangann. Snýr hellustein frá gangi, sem opnað inn í drangann.)
Mannamál frá hægri.
HULDA: — Það er mamma og sýslumaðurinn.
FINNA: — Skriðu þá inn í skonsuna, hróðið mitt.
HULDA (Skriður inn): — Veit þá enginn um þetta fylgni nema þú?
FINNA: — Enginn nema eg og hreppstjórinn. Og hann er líklega búinn að gleyma því. (Lætur helluna fyrir).
Sýslumaðurinn og Helga koma inn frá hægri.
HELGA: — Hér er enginn. (Sér Finnu). Enginn nema hún Finna.
FINNA: — Enginn nema Flokku-Finna, og hún á förum. Hlær. — Fer út til vinstri).
SYSLUMAÐUR: — Nú eru tuttugu ár síðan við komum hingað seinast. Og alt óbreytt.
HELGA: — Alt óbreytt nema við.
SYSLUM.: — Og erum við þá svo mjög breytt? Nei, Helga. Hér getum við kastað af okkur böndum bygðarinnar og verið sóm í dag og við vorum fyrir tuttugu árum.
HELGA: — Þetta er barnaskapur. Hver lifandi vera er eitt í dag, og annað á morgun. Mennirnir bregða sér bönd og steypa sér hlekk, sem þeir þrælbinda sig með. Svo halda þeir að þeir standi í stað, af því að þeir liggja í böndum. Þannig geta þeir lamað sínar upprunalegu eðlshvatar, en þeir geta ekki haldið í sama horfi ár frá ári.
SYSLUM.: — En mér finst, Helga, að tilfinningar minnar gagnvart þér: séu samar í dag og þær voru fyrir tuttugu árum síðan. Trú þú mér ekki, Helga?
HELGA: — Nei, Valur. Eg veit betur. Sá eldur, sem okkur brann í hjarta fyrir tuttugu árum, er löngu útkulnaður.
SYSLUM.: — Hann hefir þó aldrei vermt hjarta mitt betur en í dag.
HELGA: — Þarna kom það! Áður brendi hann, nú vermir hann. En það er varla von að eg, bandinginn, skilji þig, sem hefir farið þínu fram í öllu — frjáls fyrst og síðast.
SYSLUM.: — Segðu ekki þetta, Helga. Hver hefir verið bundinn fastar en eg? Velsæmis ættarinnar og framtíðar minnar vegna afsalabi eg mér æskuast minni; þér, Helga, einu konunni, sem eg hefi unnað á æfni.
HELGA: — Og þú finst mér þú ekki hafa vitkast.
SYSLUM.: — Heldurba að vitið þú proskist bezt í böndum?
HELGA: — Það er ekki mögulegt að fjóttra mannsvitið. Gamlar sið-venjur, úreltar kreddur, hin svonefndu lög guðs og manna; alt það, sem kreppir að einstaklingseðlinu; alt það, sem kúgar það og kvelur, vekur og eflir vitið.
SYSLUM.: — Er það þessi skoðun þín á mannfinu, sem öll því, að þú gætt fyrirgefið mér?
HELGA: — Já, Valur. Fyrir fjóttrana, sem þú færðir mig í, er eg nærri þakklát. Þeir hafa verið mér dýrmætari en ást þín, þó eg hefði fengið að njóta hennar.
SYSLUM.: — En því get eg þá ekki lítið svona á hlekkina, sem halda mér?
HELGA: — Líklega af því að þú gekst í þá sjálfs þín vegna, en ekki annara.
Stutt þögn.
SYSLUM.: — Við skulum ekki tala meira um þetta. Þess meira, sem þú segir, þess betur sé eg, hvers eg hefi mist, og þess sárara sviður undan böndunum. (Tekur í hönd Helgu og leiðir hana að klöppinni aftast til vinstri).
Helga setir á enda klapparinnar hagra megin. Sýslumaður krýpur á klöppina og horfir um stund niður fyrir hengiflugið.
HELGA (Hrekur við. Akófi): — Hvað sérðu, Valur? Sérðu nokkuð niðri í fjörðinum?
SYSLUM.: — Ekkert, Helga. Ekkert. Ekki einu sinn heklunál.
HELGA (hagist. Brosir): — Já, eg man, þegar þú raktir upp heklun-

garnið mitt, og lést nálna síga í bjargið.
SYSLUM.: — Og þú hélt þetta væri flónskubragð — barnabrek. Nú skal eg segja þér, af hverju eg gerði það.
HELGA: — Þú þarft ekki að segja mér það. Eg skildi ekki þetta upptæki þitt þá. Nú veit eg, hvað það þýddi. Þú varst afbrýðissamur. Þú hataðir heklunálna mína, af því að eg skifti athygli minni milli þín og hennar. En þú þarft þó ekki að kasta henni fyrir björgin. Svona var ást okkar huglaus og smásmugleg!
SYSLUM.: — En, Helga! Manstu þá líka, hvað við vorum sál? Manstu þegar þú hvíldir í faðmi mínum herna á klöppinni? Manstu, þegar allur heimurinn hvarf okkur sjónum? — Alt nema fjallið og fjörðurinn. Og þú sagðir að hamrabetið væri eins og gröfin, og jökullinn eins og líkkleði og fjörðurinn eins og — eins og —
HELGA: — Eins og himininn.
SYSLUM.: — Og við höfðum bergt af beztu veigum lífsins, og þú vildir enda það alt. Flegja þér í faðmi mínum út af klöppinni.
HELGA: (Fer hrollur um hana. Hún færir sig nær sýslumanninum): — Það er líklega þess vegna, að eg er svo hrædd.
SYSLUM.: — Hrædd við hvað?
HELGA: — Hrædd við klöppina. Hrædd um hana Huldu mína.
SYSLUM. (Læggur handlegginn um mitti Helgu): — En Hulda hefir enn ekki —
HELGA: — Nei, ekki ennþá. Mér finst eg hefði enga ástæðu til þess að vera hrædd um hana, mætti eg sitja herna á klöppinni, þar til hún finst.
SYSLUM.: — Þá skulum við sitja herna, leysa af okkur böndin og fara árin — þessi tuttugu — síga í bjargið, eins og eina litla heklunál.
HELGA: — Við getum hvorki leyst af okkur böndin né haft ráð á árunum, sem líðin eru; en við getum varpað skynseminni fyrir borð.
SYSLUM.: — Jája, vina min. Köstum þá skynseminni fyrir borð. (Dregur Helgu að sér).
(Útburðarvæl. Bæðum verður hverft við. Þau standa upp fyrir fram- an klöppina og horfa hvort á annað.)
BDEI: — Útburðurinn! (Ganga hratt út til vinstri).
Fuglakvák. Hrafnagarg. Útburðarvæl.
HREPPSTJÖRINN (kemur inn frá hægri. Skinnar um): — Enginn hér. (Gengur að drangnum, sem Hulda er falið í).
FINNA (kemur inn frá vinstri): — Mikið var að þú komst! Lengi hefi eg beðið þín hér. En eg vissi alt af að þú kemir á endanum. (Hlær). Þú lofaðir því, þegar við mæltum okkur mót herna seinast. Og hreppstjórinn svikur aldrei loford sín. (Hlær).
HREPPSTJ.: — Þegðið, þjálfinn þinn. Leitarfólk getur heyrt þvættinginn í þér.
FINNA: — Já, það væri nú fjárlí kollótt. Það gæti komið óvörð á mig. En ætlarðu ekki að faðma mig, Steini minn? Þrýsta mér fast og engi upp að stóra hreppstjórarahjartanu þínu? (Syngur ándlega):
"O, tak mig í faðm þér!
Minn söknuð burt eg syng,
Um sumarkvöld við álfatvatið bjarta."
(Hlær). Finst þér mér ekki hafa farið fram að syngja. Auðvitað sagðir þú alt af að eg hefði fagra rödd. Englaródd. (Hlær). En jafnvel englunum getur farið fram. Þeir eru þó í fyrstunni bara englar í himnaríki, en svo gæta þeir komist áfram, eins og sagt er niðri í bygðinni, og orðið að djöflum. (Hlær). Rétt eins og algengur eða brokkengur bóndi kemst áfram og verður að heidvirkum hreppstjóra. (Hlær).
HREPPSTJ.: — Hættu þessu, Finna. Eg hefi hjálpað þér alt, sem ástæður minar og efni leyfa.
FINNA: — Verkin sýna merkin. (Hlær). Eg er mesta glæsikvendi. Alt saman hreppstjóranum að þakka. Hreppstjóranum, sem er mesti óðalsbóndinn í öllu héraðinu, og vinur sýslumannsins. (Hlær). Og bráðum þingmaður, eða eg hefi ekki atkvæðisrétt. (Hlær).
HREPPSTJ.: — Haltu þér saman, úrþvættið þitt. (Rótar við hellunni, sem byrgir fylgnið).
FINNA: — Ætlarðu ekki að sýna mér ástaratlot, Steini? Eigum við ekki að faðmast eins sýslumaðurinn og hreppstjórann? (Krækir handleggjunum um háls hreppstjóra).
HREPPSTJ. (losar sig og hrindir Finnu harkalega, svo hún fellur til jarðar og liggur þar): — Þessu lýgur þú, úrþvættið þitt. (Vikur hellunni frá opinu í drangnum). Ertu þarna, Hulda?
HULDA (innifyrir): — Já, pabbi.
HREPPSTJ.: — Komdu strax út úr skonsunni.
HULDA: — Eg fer hvergi.
HREPPSTJ.: — Ætlarðu að óhlýðnast honum föður þínum?
HULDA: — Já, pabbi.
HREPPSTJ.: — Er þetta í samræmi við það, sem þér hefir verið kent? Að brjóta fjörða-boðorðið?
HULDA: — Já, en það er ekki nema einn tíundi partur af því, sem mér hefir verið kent.
HREPPSTJ.: — Einn tíundi partur af því, sem þér hefir verið kent? (Vísir sjálfan sig): — Nú er hún vist orðin alveg brjálað.
HULDA: — Já. Hér uppi í útburðarskálinni brýt eg að eins fjörða-boðorðið, en niðri í bygðinni brýt eg þau öll. Það gerði þið, og eg er ekkert betri en þið.
HREPPSTJ.: — Komdu strax.
HULDA: — Fyrsta boðorð: Þú skalt ekki aðra guði hafa. Einn dag í viku farið þið öll til messu og hlustið hálfsofandi á sömu tugguna, og þykist þannig dýrka guð. Endrarnar takið þið alt fram yfir hann. Útburðurinn er minn guð. Eg skal ekki aðra guði hafa.
HREPPSTJ.: — Ætlarðu ekki að koma, stelpuskömminn þín?
HULDA: — Annað boðorð: Þú skalt ekki leggja nafn guðs þíns við hegóma. Nafn guðsins, hver sem hann er, er lagt við hegóma, þegar það er nefnt án þess að hugur og hjarta fylgi. Þið gerið það daglega; en Útburðurinn á hug minn og hjarta. Annars væri eg ekki betri en þið.
HREPPSTJ.: — Haltu þér saman! eða eg skal —
HULDA: — Þriðja boðorð: Halda skaltu hvíldardaginn heilagan. Hé- eru mér allir dagar jafnhelgir. Og hvernig getur syndgudur maður haldið heilagan dag? Enginn getur dáið einu sinni í hverri viku.
HREPPSTJ.: — Þú ert brjálað, barn.
HULDA: — Fjórða boðorð: Heiðra skaltu föður þinn og móður. Eg get ekki heiðrað þig, pabbi, þegar þú segir að eg eigi að giftast honum Bjössa á Skarði. Hann er svo dæmalaust leikinlegur, þó hann sé ríkur.
HREPPSTJ.: — Þú þarft ekki að hugsa um hann Bjössa á Skarði. Komdu bara út úr skonsunni.
HULDA: — Fimta boðorð: Þú skalt ekki mann deyða. Eg reitist oft, og í svipinn vildi eg að sá, sem eg reitist við, dytti niður dauður. Og eg er ekkert verri en þið.
HREPPSTJ.: — Þetta er óguðlegt!
HULDA: — Sjötta boðorð: Þú skalt ekki hördóm drýgja. Eg heyrði sýslumanninn tala við mömmu áðan, og Finnu við þig. Þið hafið öll brotið þetta boðorð, og eg verð eins og þið, ef eg dvel í bygðinni.
HREPPSTJ.: — Göða Hulda mín, hættu þessu og vertu góð stúlka.
HULDA: — Sjöunda boðorð: Þú skalt ekki stela. Þú hefir stolið undan af tíundi síðan eg bar fyrst skyn á slíka hluti. Þú, hreppstjórinn sjálfur! Og niðri í bygðinni er eg ekkert betri en þú.
HREPPSTJ.: — Ætlarðu að koma, eða á eg að taka til þín?
HULDA: — Áttunda boðorð: Þú skalt eigi ljúgvitni bera gegn náunga